

Sþ.

461. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Borgarneshrepp.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán, sem Borgarneshreppur í Mýrasýslu tekur til þess að standaast kostnað við rafveitukerfi innan kaupþínsins, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði við verkið.

Greinargerð.

Oddviti Borgarneshrepps í Mýrasýslu hefur fyrir hönd hreppsnefndarinnar óskað þess, að ég afaði á Alþingi heimildar til handa ríkisstjórninni til þess að taka ábyrgð á allt að 400 þús. króna láni til þess að koma upp innanbæjarkerfi fyrir kaupþínið í sambandi við virkjun Andakílsár, sem væntanlega verður lokið á næsta ári.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

ÓLAFUR TRYGGVASON

Reykjavík, 15. febrúar 1946.

Rafveita Borgarness.

Hér með sendi ég yður kostnaðaráællun um innanbæjarveitu þá, sem fyrirhugað er að byggja í Borgarnesi á næstkomandi sumri.

Við ákvörðun á fyrirkomulagi veitunnar hef ég að nokkru stuðzt við þá áætlun, sem rafmagnseftirlit ríkisins gerði árið 1943, en þar er m. a. gert ráð fyrir 3 spennistöðvum í bænum til að byrja með, eins og í þeirri áætlun, er hér liggur fyrir.

Eins og yður er kunnugt, hefur verið gengið frá kaupum á nauðsynlegu efni til spennistöðva og háspennukerfis í Borgarnesi, en þetta efni mun verða af sömu gerð og ráðgert er að nota í innanbæjarkerfi Akraness. Kostnaður spennistöðva og háspennukerfis verður því áætlaður nú af nokkurri nákvæmni, a. m. k. að því er efni snertir. Þó er rétt að vekja athygli á, að hin erlendu firmu áskilja sér rétt til að leiðrétta tilboðsverð sín til samræmis við verð á hráefnum og vinnu, ef þessir kostnaðarliðir breytast frá þeim tíma, sem tilboð er gefið, og þar til vörurnar eru afgreiddar. Samkvæmt meðfylgjandi áætlun er gízkað á, að kostnaður spennistöðva og háspennukerfis muni nema 275000 kr.

Að því er lágspennukerfið snertir er hér ekki um nákvæma kostnaðaráætlun að ræða, m. a. vegna þess, að á þessu stigi málsins er ekki víst um, hversu víðtækar breytingar verði mögulegt að gera á kerfinu að þessu sinni. Samkvæmt þeirri áætlun, sem hér ræðir um, er gert ráð fyrir, að nokkur hluti lágspennukerfisins, eða allt að 600 m, verði lagður í jörðu þegar á þessu sumri, en hins vegar verði að öðru leyti notast við loftlínukerfi í bænum, a. m. k. fyrst um sinn. Gízkað er á, að kostnaður lágspennukerfisins muni með þessari tilhögun nema um 175000 kr.

Kostnaður alls innanbæjarkerfisins með framangreindu fyrirkomulagi áætlast samkvæmt þessu á 450000 kr. Þess skal getið, að væntanlegur stofnkostnaður aðveitustöðvar bæjarins er ekki talinn með í þessari upphæð, með því að sá kostnaður mun vera innifalinn í áætlunum stofnkostnaði Andakílsárvirkjunar.

Nánari áætlun, sérstaklega að því er lágspennukerfið snertir, hef ég því miður ekki tók á að gera að þessu sinni, en ég mun þó að sjálfsögðu gefa yður allar frekari upplýsingar um innanbæjarveituna, sem ég get í té látið og þér kynnuð að óska eftir.

Virðingarfyllst

Ólafur Tryggvason.

Oddviti Borgarneshrepps, hr. Friðrik Þórðarson.